

**FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTA**  
**Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

---

**FUNDARGERÐ 45. FUNDAR**

**45. fundur í stjórn Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, þriðjudaginn 12. maí 2020, klukkan 14:00, í fjarfundakerfi Zoom**

**Mættir:** Lilja Einarsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Haraldur Eiríksson, Þorbjörg Gísladóttir, Þorsteinn M. Kristinsson, Svava Davíðsdóttir, forstöðumaður félagsþjónustu, og Þórunn Jóna Hauksdóttir, forstöðumaður skólaþjónustu. Jafnframt situr fundinn Guðmundur Pétur Guðgeirsson frá KPMG.

Þorsteinn M. Kristinsson ritar fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Ársreikningar félags og skólaþjónustu.**

Guðmundur Pétur Guðgeirsson (KPMG) mætir til fundar og kynnir drög að ársreikningi byggðasamlagsins fyrir árið 2019.

**2. Yfirfærsla eigna og skulda nýju félags og skólaþjónustunnar.**

Samþykkt að nýjar kennitölur deilda byggðasamlagsins yfirtaki allar eignir og skuldbindingar sem tilheyrðu eldri kennitölu félags- og skólaþjónustunnar, miðað við upplýsingar úr ársreikningi.

**3. Sérstakt iðgjald í lífeyrissjóði starfsmanna.**

Forstöðumanni skólaþjónustu falið að kanna með lögfræðilegt álit um það með hvaða hætti reglur um sérstakt iðgjald er og hvort byggðasamlaginu sé skylt að yfirtaka skuldbindingar ríkisins um að greiða slíkt iðgjald.

**4. Ráðgjafþjónusta Setursins, sérdeildar Suðurlands.**

Stjórn samþykkir að taka þátt í samvinnuverkefni um ráðgjöf vegna nemenda með sérþarfir, með Árborg og Árnesþingi. Þáttakan snýst um kaup á ráðgjafþjónustu og er ígildi þjónustunnar í formi 20% stöðuhlutfalls í eitt ár. Ráðstöfunin rúmast innan fjárhagsáætlunar 2020.

Félagsmálastjóri yfirgefur fundinn kl. 15:30.

## Málefni Skólaþjónustu

### 5. Starfsmannamál.

Rætt um starf náms- og starfsráðgjafa. Stjórn samþykkir að gera greiningu fyrir starf náms- og starfsráðgjafa. Forstöðumanni skólaþjónustu falið að framkvæma greininguna og koma með tillögu til stjórnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:04

Lilja Einarsdóttir

Brynja J. Jónasdóttir

Haraldur Einarsson

Þorbjörg Gísladóttir

Þorsteinn M. Kristinsson

Svava Davíðsdóttir

Þórunn Jóna Hauksdóttir